

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 108/1999**

**frá 24. september 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/1999 frá 28. maí 1999<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/516/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar gervihnattajarðstöðvar á landi með litlum gagnasendingahraða (LMES) fyrir tíðnisviðin 11/12/14 GHz<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/517/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar jarðstöðvar til fréttáöflunar um gervihnött (SNG TES) með tíðnisviðin 11-12/13-14 GHz<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/519/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir VSAT-endabúnað með tíðnisviðin 11/12/14 GHz<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/533/EB frá 3. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir fjar-jarðstöðvar (MES), þar með taldar handjarðstöðvar, ætlaðar til einkafjarskiptanotkunar um gervihnattanet (S-PCN) með tíðnisviðin 1,6/2,4 GHz gegnum fargervihnattaþjónustu (MSS)<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/534/EB frá 3. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir fjar-jarðstöðvar (MES), þar með taldar handjarðstöðvar, ætlaðar til einkafjarskiptanotkunar um gervihnattanet (S-PCN) með tíðnisviðið 2,0 GHz gegnum fargervihnattaþjónustu (MSS)<sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 9.11.2000, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 17.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 247, 5.9.1998, bls. 11.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 247, 5.9.1998, bls. 13.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

### *1. gr.*

1. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4zi (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/515/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zj. **398 D 0516:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/516/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar gervihnattajarðstöðvar á landi með litlum gagnasendingahraða (LMES) fyrir tíðnisviðin 11/12/14 GHz (Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 10).

4zk. **398 D 0517:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/517/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir færanlegar jarðstöðvar til fréttáöflunar um gervihnött (SNG TES) með tíðnisviðin 11-12/13-14 GHz (Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 12).“

2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/518/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zm. **398 D 0519:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/519/EB frá 17. júní 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir VSAT-endabúnað með tíðnisviðin 11/12/14 GHz (Stjtið. EB L 232, 19.8.1998, bls. 17).“

3. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4zp (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/522/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zq. **398 D 0533:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/533/EB frá 3. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir fjar-jarðstöðvar (MES), þar með taldar handjarðstöðvar, ætlaðar til einkafjarskiptanotkunar um gervihnattanet (S-PCN) með tíðnisviðin 1,6/2,4 GHz gegnum fargervihnattaþjónustu (MSS) (Stjtið. EB L 247, 5.9.1998, bls. 11).

4zr. **398 D 0534:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/534/EB frá 3. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir fjar-jarðstöðvar (MES), þar með taldar handjarðstöðvar, ætlaðar til einkafjarskiptanotkunar um gervihnattanet (S-PCN) með tíðnisviðið 2,0 GHz gegnum fargervihnattaþjónustu (MSS) (Stjtið. EB L 247, 5.9.1998, bls. 13).“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 98/516/EB, 98/517/EB, 98/519/EB, 98/533/EB og 98/534/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*